



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 6. desember 2023

Umsögn um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Mál nr. 507.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið til skoðunar frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag gjaldtöku í formi kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða á vegakerfinu.

SFF skiluðu umsögn um áformin um lagasetninguna í samráðsgátt þann 16. október síðastliðinn en vegna þess hve stuttur tími var gefinn til umsagnar við drögin að frumvarpinu sjálfu í samráðsgátt í nóvember síðastliðnum (sjö dagar, 3 – 10. nóvember) gafst ekki tími til að útbúa umsögn við drögin. Rétt er að benda á að tilkynning um að drögin væru komin í samráðsgátt bast ekki í pósthólf starfsmanna SFF fyrr en mánudaginn 6. nóvember 2023. Í umsögn SFF um áformin var lýst yfir ánægju með að áformin voru miðuð út því að gjaldtakan ráðist af notkun á vegakerfinu þ.e. miðað er við að þeir borgi sem nota (e. the user pays principle).

Um frumvarpið

3. gr. frumvarpsins um óskipta ábyrgð, 21. gr. frumvarpsins um lögveð og meðalhófsreglan sem óskráð meginregla í íslenskum rétti

SFF hafa nú tekið fyrirbyggjandi frumvarp til skoðunar. Í frumvarpinu er lagt upp með óskipta ábyrgð umráðamanns og eiganda á greiðslu kílómetragjalds og vanskráningargjalds sem lagt er á ef kílómetragjald er skráð of seint. Innheimtumaður ríkissjóðs getur gengið að hvorum aðila fyrir sig. Frumvarpið boðar einnig lögveð í ökutæki fyrir gjöldunum.

Fjallað er um réttindi og skyldur eigenda og umráðamanna ökutækja á víð og dreif í íslenskum lögum. Sem dæmi í umferðarlögum, lögum um ökutækjatryggingar og lögum um bifreiðagjald. Megin þemað í löggjöfinni er að eigandi (umráðamaður) ber vissar skyldur m.a. greiðsluskyldur. Ef umráðamaður er til staðar þá ber hann skyldurnar en annars er það eigandi. Framkvæmdin hefur um miðg langt skeið endurspeglað þetta megin þema enda ökutæki skattaleg eign umráðamanns og því tiltekin á skattframtali hans.

Fram að breyttu verklagi Fjársýslunnar og Skattsins; sem hófst árið 2021 í kjölfar breytinga á lögum um bifreiðagjald nr. 39/1988, var eigandi eða umráðamaður (ef hann var til staðar) ábyrgur

fyrir greiðslu bifreiðagjalds en bifreiðagjald er einnig tryggt með lögtaksrétti í ökutæki skv. lögum um bifreiðagjald. Með breytingarlögum nr. 139/2021 var engin breyting gerð á 3. mgr. 3. gr. laga um bifreiðagjald en verklagi var breytt án fyrirvara á þann hátt að Fjársýslan hóf að endurgreiða bifreiðagjöld í tengslum við eigendaskipti til fjármögnunaraðila sem voru skráðir eigendur ökutækja þrátt fyrir að til staðar væri umráðamaður. Fjármögnunaraðilar þurftu því að skila gjaldinu/skattinum til umráðamanna með tilheyrandi flækjustigi. Þau aðildarfélag SFF sem fjármagna ökutæki hafa þó frá upphafi þess að hægt var að vera eigandi ökutækis og fela öðrum lagaleg umráð gætt þess að skuldir sem tryggðar eru með lögtaki eða lögveði í ökutæki sem þau eru skráðir eigendur að séu greiddar. Þetta gera fjármögnunaraðilar til að gæta að veðandlagi sínu þar sem veðkrafa þeirra í ökutæki er almennt há þegar tekið er tillit til virðis ökutækis.

SFF er ekki kunnugt um að það fyrirkomulag sem var fyrir hendi, þ.e. að innheimta opinber gjöld og skatta hjá umráðamanni, þar sem fjármögnunaraðili er eigandi sem greiðir ef vanskil verða vegna lögtaks eða lögveðsréttar annarra, hafi valdið hinu opinbera tjóni.

Óskipt ábyrgð kom til tals við undirbúning frumvarpsins en þegar vel er að gáð er erfitt að rökstyðja að það sé sanngjarnt og gagnsætt. Að mati samtakanna er því óþarflega langt gengið að lögfesta sameiginlega ábyrgð umráðamanns og eiganda á greiðslu kílómetragjaldsins í ljósi þess að gert er ráð fyrir lögveði í ökutækinu fyrir gjöldunum. **Ætíð er rétt að löggjafinn horfi til meðalhófsreglunnar við setningu laga sem fela í sér íþyngjandi skyldur, að löggjafinn gangi ekki lengra en þarf til þess að ná hinu lögbundnu markmiði.**

Þriðja grein frumvarpsins sem kveður á um óskiptu ábyrgðina hljóðar svo:

„3. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Skráður eigandi gjaldskyldrar bifreiðar sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. gr. er gjaldskyldur aðili samkvæmt lögum þessum. Skráður eigandi skal greiða kílómetragjald af bifreiðinni á eignarhaldstíma sínum.

Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir gjaldskyldri bifreið sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. gr., samkvæmt samningi við handhafa leytis til að stunda eignaleigu eða íjarmögnunarleigu samkvæmt lögum um íjarmálafyrirtæki og er skráður umráðamaður í ökutækjaskrá, hvílir gjaldskyldan, þrátt fyrir 1. mgr., á umráðamanni.

Skráður eigandi og umráðamaður, sbr. 2. mgr., bera óskipta ábyrgð á greiðslu kílómetragjalds af gjaldskyldum bifreiðum og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvorum aðila fyrir sig.

Skylda til greiðslu kílómetragjalds af bifreið sem skráð er erlendis hvílir á innflyjanda hennar.“

SFF leggja til að 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins (feitletruð) verði felld brott enda er hún óþörf til að tryggja hagsmuni hins opinbera og gengur gegn endurkröfurétti fjármögnunarfyrirtækja í viðskiptasambandi þeirra við umráðamann bifreiðar.

Til að útskýra þetta frekar þarf að halda því til haga sem fyrr segir að í frumvarpinu er gert ráð

fyrir óskiptri ábyrgð umráðamanns og eiganda á greiðslu kílómetragjaldsins og vanskráningargjalds sem og lögveði í ökutæki fyrir gjöldunum.

Þegar um óskipta ábyrgð er að ræða myndast endurkrafa þess aðila sem greiðir skuld ef vanefnd verður hjá þeim aðila sem greiðsluskyldan beindist að. Í þessu tilviki ef umráðamaður greiðir ekki gjöldin en fjármögnunaraðili gerir það, þá á fjármögnunaraðilinn kröfu á umráðamanninn. Endurkröfuréttur eiganda þarf að vera alveg skýr. Í umfjöllun um 3. gr. laganna segir eftirfarandi:

"Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá meginreglu 1. mgr. Í 2. mgr. kemur fram að umráðamaður samkvæmt samningi við handhafa leyfis til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem jafnframt er skráður sem umráðamaður hlutaðeigandi bifreiðar í ökutækjaskrá, sé gjaldskyldur samkvæmt frumvarpinu þrátt fyrir 1. mgr. Ef þannig háttar til skal umráðamaður bæði vera greiðsluskyldur vegna fyrirframgreiðslu áætlunar og gjaldskyldur vegna álagningar og uppgjors vegna aksturs hlutaðeigandi bifreiðar. Ef breyting eða leiðrétting á sér stað á innheimtu eða álögðu kílómetragjaldi skal slíkum breytingum því beint að umráðamanni. Þar sem umráðamaður bifreiðar er sá aðili sem hefur vitneskju um áætlaðan akstur hennar út frá umráðum og notkun hlutaðeigandi bifreiðar er talið rétt að skráður umráðamaður sé gjaldskyldur aðili samkvæmt lögnum. Vegna þessa skulu innheimtumenn ekki færa inneignir á milli kennitalna eftir því hver greiðandi er, til að mynda vegna vanskila umráðamanns, þar sem óskipt ábyrgð er til staðar vegna umræddra greiðslna og krafna, sbr. 3. mgr."

Að mati SFF er ómögulegt að skilja hvað átt er við með að innheimtumenn færi ekki inneignir á milli kennitalna eftir því hver greiðandi er. Verklag innheimtumanna þarf að tryggja endurkröfurétt eiganda ef vanskil verða hjá umráðamanni. Upplýsingar um greiðslur eiganda þarf eðli málsins samkvæmt að halda til haga svo eigandi geti gætt réttar síns.

Það vekur athygli SFF að hvergi er gert ráð fyrir tilkynningar- eða upplýsingaskyldu skattsins eða fjársýslunnar til eigenda ökutækjanna vegna vanskila umráðamanns. Ljóst er að ef sameiginleg ábyrgð á gjöldunum verður lögfest að taka þarf til skoðunar aðgang eigenda ökutækjanna að upplýsingum um skil umráðamanna á kílómetragjaldinu sem og vanskilum til að eigendurnir geti með sem bestum hætti gætt sinna hagsmuna.

13. gr. frumvarpsins um eigendaskipti og breytta skráningu umráðamanns

Í 13. gr. er gert ráð fyrir því að við eigendaskipti gjaldskyldrar bifreiðar skuli skrá stöðu akstursmælis á tilkynningu um eigendaskipti bifreiðar, samhliða skráningu eigendaskipta í ökutækjaskrá og sama á við um breytingu á umráðamanni. Ákvæðið lýsir því svo að kaupandi eða nýr umráðamaður skuli samþykkja skráða stöðu akstursmælis á tilkynninguna áður en skráning getur farið fram.

SFF vilja vekja athygli á því við hefðbundna framkvæmd fjármögnunar bifreiða með eignaleigusamningum fara fram eigendaskipti milli skráðs eiganda (fjármögnunaraðila) og umráðamannsins í lok samningstíma eða þegar samningur er greiddur upp. Samkvæmt 2. mgr.

3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því þegar um slíka samninga sé að ræða sé skráður umráðamaður bifreiðarinnar hinn gjaldskyldi aðili. Við eigendaskipti frá skráðum eiganda yfir til umráðamanns í slíkum tilvikum verður því í reynd ekki um að ræða breytingu á gjaldskyldum aðila. Notandi bifreiðarinnar verður áfram hinn gjaldskyldi aðili, sem skráður eigandi á grundvelli 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins en áður sem umráðamaður skv. 2. mgr. 3. gr.

Skráning á stöðu akstursmælis við slík eigendaskipti ættu að mati SFF að vera óþörf í. Gera má ráð fyrir því að slík tilvik séu langalgengustu eigendaskiptin sem eru skráð af hálfu fjármögnunaraðila og jafnan gerð með einhliða tilkynningu. Skylda til þess að skrá stöðu akstursmælis við slík eigendaskipti flækja slík eigendaskipti sem eiga sér stað sem eðlilegur hluti við lok eignaleigusamnings. Áður en hægt væri að tilkynna eigendaskipti yrði fjármögnunaraðili að kalla eftir stöðu akstursmælisins frá umráðamanni og yrði sami aðili að samþykkja stöðuna sem nýr eigandi, áður en eigendaskiptin geta farið fram. Að mati SFF felur þessi framkvæmd í sér töluvert óhagræði fyrir eignaleigufyrirtæki og flækir að óþörfu ferli við að færa eignarétt bifreiðarinnar til umráðamanns þegar hann hefur greitt skuldbindingu sína að fullu.

SFF leggja því til að þegar um slík eigendaskipt sé að ræða séu þau undanþegin skyldu skv. 13. gr. frumvarpsins til þess að skrá stöðu akstursmælis við tilkynningu um eigendaskipti. Væri það hægt með því að bæta nýrri málsgrein við 13. gr. frumvarpsins, á þessa leið:

„Heimilt er að skrá eigendaskipti gjaldskyldrar bifreiðar án samhliða skráningar á stöðu akstursmælis skv. 1. mgr., ef gjaldskyldur aðili er sá sami eftir eigendaskiptin, svo sem vegna eigendaskipta sem eiga sér stað frá skráðum eiganda yfir til umráðamanns, sem er gjaldskyldur aðili á grundvelli 2. mgr. 3. gr., þegar eigendaskipti eru skráð.“

16. gr. frumvarpsins um aðalskoðun og 11. gr. frumvarpsins um boðun í álestur

Í 16. gr. er gert ráð fyrir að við aðalskoðun gjaldskyldrar bifreiðar skuli gjaldskyldur aðili færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið kílómetragjald. Samkvæmt greininni skal skoðunarmaður neita skoðun á bifreiðinni ef gjaldskyldur aðili getur ekki sannað að hann hafi greitt kílómetragjaldið. Ef við hugsum okkur eiganda eða umráðamann nýs hreinorku- eða tengiltvinnbils sem skráir alltaf á réttum tíma rafrænt kílómetrastöðu þá verður ekki séð að hann neyðist nokkurn tíma til að sannreyna skráningu sína fyrr en að einhverjum árum liðnum þegar komið er að skoðun ökutækisins. Mögulegt er fyrir viðkomandi gjaldskyldan aðila sem keyrir mjög mikið og umfram áætlanir ríkisskattstjóra að gefa upp ranga stöðu í mörg ár. Ef röng kílómetrastaða uppgötvast eftir nokkur ár ætti að myndast töluverður bakreikningur sem í raun felur í sér vanskráningu og vanskil sem eiga að bera dráttarvexti sem lögveð er fyrir í veðandlagi fjármögnunaraðila.

11. gr. um boðun í álestur hjá faggiltri skoðunarstofu dugar ekki til að taka á þessari hættu. SFF leggja því til eftirfarandi viðbót við 11. gr. sem yrði þá 2. töluliður, sjá undirstrikun:

11. gr.

Boðun í álestur hjá faggiltri skoðunarstofu.

Ríkisskattstjóri skal boða gjaldskyldan aðila bifreiðar sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. gr. í álestur á stöðu akstursmælis bifreiðar hjá faggiltri skoðunarstofu í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef skráning á stöðu akstursmælis hefur ekki farið fram á almanaksárinu, sbr. 2. mgr. 8. gr.
2. Ef bifreið gjaldskylds aðila er ekki orðin skoðunarskyld skal boðun í álestur hjá faggiltri skoðunarstofu vera árleg til að unnt sé að staðfesta rafrænt uppgæfna kílómetrastöðu.
3. Ef aðrar ástæður þykja vera fyrir hendi sem kalla á að bifreið fari í álestur hjá faggiltri skoðunarstofu samkvæmt mati ríkisskattstjóra.

Samtök fjármálafyrirtækja telja þetta afar mikilvæga viðbót til að tryggja jafnræði meðal gjaldskyldra aðila skoðunarskyldra og óskoðunarskyldra bifreiða og hindra vanskil. Nauðsynlegt sé að gæta að því að kílómetrastaða nýrra og nýlegra bíla sem ekki eru orðnir skoðunarskyldir sé staðfest með skoðun hjá skoðunarstöð einu sinni á ári.

Ákvæði I til bráðabirgða

Ákvæðið gerir ráð fyrir að rafræn skráning á stöðu akstursmælis gjaldskyldrar bifreiðar eigi sér stað fyrir 20. janúar 2024 hvort heldur skráning er framkvæmd af gjaldskyldum aðila eða hjá faggiltri skoðunarstofu. Ef slíku er ekki skilað fyrir 20. janúar skal fara til skoðunarstofu. Ef skráning er ekki komin fyrir 30. janúar 2024 þá skal greiða 20 þúsund króna vanrækslugjald sem fellur niður ef greitt er innan 20 daga. Að mati SFF hefur hraði málsins verið slíkur að samtökin hafa áhyggjur af því að vanrækslugjald falli á ansi stóran hóp fólks ef ákveðið verður að halda í þennan tímaramma en það þarf að vera vel tryggt að fjármögnunaraðili fái upplýsingar um vanrækslugjald um leið og það er komið í vanskil.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur